

1987 nr. 42 30. mars**Lög um vísitölu byggingarkostnaðar**

■ **1. gr.** Hagstofa Íslands skal reikna og birta vísitölu byggingarkostnaðar. Vísitalan skal reist á þeim grunni sem Hagstofan ákveður í samráði við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Grunnur vísitölunnar skal miðaður við tiltekna gerð íbúðarhúsnæðis. Auk þess er Hagstofunni heimilt að reikna vísitölur sem miðast við aðrar gerðir húsa, byggingarmannvirkja eða hluta þeirra.

■ **2. gr.** Vísitala byggingarkostnaðar skal miðuð við byggingarkostnað á höfuðborgarsvæði. Vísitalan skal reiknuð samkvæmt verðlagi um miðjan hvern mánuð og gilda í mánaðartíma frá fyrsta degi mánaðarins næsta eftir útreikningsmánuð. Vísitalan skal reiknuð og birt með einum aukastaf.

■ **3. gr.** Hagstofan skal eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta fara fram athugun á grundvelli vísitölunnar með hliðsjón af breytingum á byggingarháttum, byggingarefnum svo og á tilhögun launagreiðslna, verðskráningar og útreikninga.

□ Sé ákveðið að breyta um grunn vísitölunnar skal Hagstofan ákveða og birta opinberlega hvernig vísitalan, miðuð við

hinn nýja grunn, skuli tengd eldri vísitölum byggingarkostnaðar.

■ **4. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1987. . . .

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Ákvæði 2. gr. þessara laga um mánaðarlegan útreikning og gildistíma vísitölu byggingarkostnaðar breyta ekki gildi ákvæða um verðbætur í skuldabréfum, verksamningum og þess háttar sem sett eru í samræmi við fyrri lög um vísitölu byggingarkostnaðar. Sé ekki um annað samið skulu þær verðbætur, sem hér um ræðir, því miðast við vísitölur sem gilda í mánuðunum janúar, apríl, júlí og október og skal hver vísitala þá gilda í þrjá mánuði hvert sinn.

■ **[II.]** Eftir upptöku virðisaukaskatts hinn 1. janúar 1990 skal Hagstofa Íslands við útreikning vísitölu byggingarkostnaðar frá og með janúar 1990 taka tillit til endurgreiðslna virðisaukaskatts af byggingu íbúðarhúsnæðis vegna vinnu á byggingarstað, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, með áorðnum breytingum, þannig að endurgreiddur virðisaukaskattur sé dreginn frá byggingarkostnaði reiknuðum með fullum virðisaukaskatti.]¹⁾

¹⁾ L. 137/1989, 1. gr.